

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1236/2023 um gildistöku framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1342 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 er varða reglur um upplýsingar sem þriðju lönd, eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar eiga að senda vegna eftirlits með viðurkenningu þeirra skv. 2. og 3. mgr. 33. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar innfluttar lífrænt ræktaðar vörur og ráðstafanir sem á að gera vegna beitingar á þessu eftirliti.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, 2. tl., svohljóðandi:

2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/230 frá 25. október 2023 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2021/1342 að því er varðar upplýsingar sem þriðju lönd, eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar eiga að senda vegna eftirlits með viðurkenningu þeirra skv. 2. og 3. mgr. 33. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 og ráðstafanir sem á að gera vegna beitingar á þessu eftirliti. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 270/2024 frá 6. desember 2024. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 10 frá 20. febrúar 2025, bls. 759.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um matvæli, nr. 93/1995 og lögum um eftirlit með fæði, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Matvælaráðuneytinu, 27. febrúar 2025.

Hanna Katrín Friðriksson
atvinnuvegaráðherra.

Svava Pétursdóttir.